13. Hverju landi ber að gefa sérstakan gaum að möguleikum á peningaþvætti sem ný eða upprennandi tækni, er kann að auðvelda nafnleynd, getur falið í sér, og gera ef þörf krefur ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hana megi nýta við peningaþvætti.

Aukin árvekni fjármálastofnana

14. Fjármálastofnunum ber að veita sérstaka athygli öllum flóknum og óvenjulegum viðskiptum og viðskiptum með háar fjárhæðir, svo og óvenjulegum viðskiptamynstrum, þar sem ekki er fyrir hendi greinilegur fjárhagslegur eða sýnilegur lögmætur tilgangur. Athuga ber grundvöll og tilgang slíkra viðskipta eins og kostur er, setja niðurstöður fram skriflega og hafa þær tiltækar eftirlitsaðilum, endurskoðendum og löggæslustofnunum.
15. Ef fjármálastofnanir grunar að fé eigi uppruna sinn í brotastarfsemi ber að krefjast þess af þeim að þær tilkynni þegar í stað viðeigandi yfirvöldum um grun sinn.
16. Fjármálastofnanir, stjórnendur þeirra, yfirmenn og starfsmenn ber að vernda með lögum gegn refsíábyrgð og einkaréttarlegri ábyrgð vegna brots gegn öllum takmörkunum á afhendingu upplýsinga sem komið hefur verið á með samningi eða

reglu sem sett hefur verið með lögum, reglugerðum eða stjórnvaldsákvörðunum, ef þessir aðilar tilkynna grunsemdir sínar viðeigandi yfirvöldum í góðri trú, jafnvel þótt þeir hafi ekki haft nákvæma vitneskju um hvaða brotastarfsemi lá að baki, og án tillits til þess hvort um ólöglega háttsemi var í raun að ræða.

17. Fjármálastofnumum, stjórnendum þeirra, yfirmönnum og starfsmönnum ber ekki að vara viðskiptamenn sína við þegar upplýsingar sem viðskiptamennina varða eru kynntar viðeigandi yfirvöldum, og þar sem við á ber að banna þeim að gera það.
18. Fjármálastofnunum sem tilkynna grunsemdir sínar ber að fylgja leiðbeiningum sem viðeigandi yfirvöld gefa þeim.
19. Fjármálastofnunum ber að koma sér upp starfsáætlunum gegn peningabætti. Í slíkum áætlunum ber að minnsta kosti að gera ráð fyrir:
 - (i) mótun innri stefnu, starfshátta og eftirlits, þar á meðal að tilgeindir séu starfsmenn í stjórnunarstöðum er fylgist með því að reglum sé fylgt, og að fullnægjandi könnun fari fram til að tryggja að háar kröfur séu gerðar er starfsmenn eru ráðnir,
 - (ii) stöðugri starfsmannabjálfun,
 - (iii) endurskoðunartilhögun sem prófar það kerfi sem komið er á.

Aðgerðir til að mæta þeim vanda sem skortur á ráðstöfunum gegn peningabætti í einstökum löndum veldur

20. Fjármálastofnunum ber að tryggja að ofangreindar meginreglur gildi einnig um erlend útibú og dótturfélög í meirihlutaeign þeirra erlendis, einkum í löndum sem ekki fylgja tilmælum þessum eða gera það á ófullnægjandi hátt, að því marki sem viðeigandi lög og reglur heimila á viðkomandi stað. Ef framkvæmdin er útilokuð vegna viðeigandi laga og reglna á viðkomandi stað ber fjármálastofnunum að skýra viðeigandi yfirvöldum í landi móðurstofnunarinnar frá því, að þeim sé ekki unnt að framkvæma tilmæli þessi.
21. Fjármálastofnunum ber að veita sérstaka athygli viðskiptasamböndum og viðskiptum við aðila, þar á meðal félög og fjármálastofnanir, frá löndum sem ekki fylgja tilmælum þessum eða fylgja þeim á ófullnægjandi hátt. Hvarvetna þar sem ekki er fyrir hendi greinilegur fjárhagslegur eða sýnilegur lögmætur tilgangur með viðskiptum þessum ber að athuga grundvöll og tilgang þeirra eins og kostur er, setja niðurstöður fram skriflega og hafa þær tiltækar eftirlitsaðilum, endurskoðendum og löggæslustofnunum.

Aðrar aðgerðir til að koma í veg fyrir peningabætti

22. Löndum ber að taka til athugunar beitingu tiltækra ráðstafana til að veita athygli eða fylgjast með flutningi reiðufjár og handhafabréfa yfir landamæri, með ströngum öryggisreglum til að tryggja réttmæta notkun á upplýsingum og án þess að hamla á neinn hátt frjálsum fjármagnsflutningi.
23. Löndum ber að taka til athugunar hversu framkvæmanlegt og gagnlegt sé að koma á kerfi þar sem bönkum og öðrum fjármálastofnunum og milligönguaðilum er gert að tilkynna um öll innlend viðskipti og milliríkjavíðskipti með fjárhæðir yfir tilteknum

mörkum til landsmiðstöðvar er hefur yfir tölvugagnagrunni að ráða sem tiltækur er viðeigandi yfirvöldum til afnota í peningaþvættismálum, með ströngum öryggisreglum til að tryggja réttmæta notkun á upplýsingum.

24. Löndum ber enn fremur að hvetja almennt til mótunar nútímalegra og öruggra aðferða til fjármálastjórnunar, þar á meðal aukinnar notkunar tékka og greiðslukorta, beinnar innlagnar á launaávísunum og bókhaldsskráningar verðbréfa, til að hvetja til þess að slíkt komi í stað beins tilflutnings á reiðufé.
25. Löndum ber að veita athygli misnotkunarmöguleikum til peningaþvættis sem felast í eignalausum og óvirkum hlutafélögum, og íhuga hvort frekari ráðstafana sé þörf til að koma í veg fyrir ólöglega nýtingu þeirra.

Framkvæmd tilmæla þessara, og hlutverk stjórnáslustofnana og annarra stjórnvalda

26. Yfirvöldum sem hafa eftirlit með bönkum og öðrum fjármálastofnunum eða milligönguaðilum, eða öðrum viðkomandi yfirvöldum, ber að tryggja að stofnanir undir eftirliti þeirra hafi fullnægjandi viðbúnað til varnar gegn peningaþvætti. Þeim yfirvöldum ber að hafa samvinnu við aðrar innlendar dómsmála- og löggæslustofnanir við rannsóknir á peningaþvættismálum og saksókn vegna þeirra, og láta í té aðstoð sérfræðinga sinna, ótilkvödd eða samkvæmt beiðni.
27. Tilnefna ber viðeigandi yfirvöld sem tryggja skulu framkvæmd allra tilmæla þessara með stjórnvaldaeftirliti og reglusetningu meðal starfsstétta er með reiðufé fara, samkvæmt skilgreiningu hvers lands á því atriði.
28. Viðkomandi yfirvöldum ber að taka upp leiðbeiningarreglur sem orðið geta fjármálastofnunum til hjálpar við að koma auga á grunsamleg hegðunarmynstur meðal viðskiptamanna sinna. Ljóst er að slíkar leiðbeiningarreglur verður að móta smám saman, og að þær verða aldrei tæmandi. Enn fremur er ljóst að slíkar leiðbeiningarreglur hljóta aðallega að gegna hlutverki fræðsluefnis fyrir starfsfólk fjármálastofnana.
29. Viðkomandi yfirvöldum sem setja fjármálastofnunum reglur eða hafa eftirlit með þeim ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir á sviði laga og reglugerða til að varast yfirráð eða öflun afbrotamanna eða sambandsmanna þeirra á fjármálastofnunum að verulegum hluta.

D. EFLING ALÞJÓÐLEGRAR SAMVINNU

Samstarf stjórnvalda

Skipti á almennum upplýsingum

30. Handhöfum ríkisvalds ber að taka til athugunar að skrá, að minnsta kosti sem heildarsummu, reiðufjárstreymi milli landa í hvaða gjaldmiðli sem er, svo unnt sé að áætla reiðufjárstreymi og endurstreymi reiðufjár frá hinum ýmsu aðilum erlendis og bera það saman við upplýsingar frá seðlabönkum. Slíkar upplýsingar ber að hafa til

reiðu handa Alþjóða gjaldeyrissjóðnum og Bank of International Settlements til að greiða fyrir alþjóðlegum athugunum.

31. Fela ber viðeigandi alþjóðlegum stofnunum, svo sem Interpol eða Tollasamvinnuráðinu, að safna saman og dreifa upplýsingum til viðeigandi yfirvalda um nýjustu þróun peningaþvættis og aðferða við það. Hið sama geta seðlabankar og stofnanir sem setja bönkum reglur gert á samskiptaneti sínu. Yfirvöld einstakra landa á hinum ýmsu sviðum gætu þá í samvinnu við fagfélög dreift slíkum upplýsingum til fjármálastofnana í einstökum löndum.

Skipti á upplýsingum um grunsamleg viðskipti

32. Hverju landi ber að leitast við að bæta alþjóðleg skipti á upplýsingum milli viðeigandi yfirvalda sem veittar eru ótilkvæmt eða samkvæmt beiðni og varða grunsamleg viðskipti og aðila eða félög sem tengjast þeim. Gera verður strangar öryggisráðstafanir til að tryggja að þau upplýsingaskipti samræmist landsbundnum og alþjóðlegum reglum um vernd einkalífs og gagnavernd.

Önnur form samvinnu

Grundvöllur og aðferðir við samvinnu varðandi eignaupptöku, gegnkvæma aðstoð og framsal

33. Löndum ber að leitast við að tryggja, á tvíhliða eða fjölhliða grundvelli, að mismunandi kröfur um vitneskju samkvæmt landsbundnum skilgreiningum, þ.e. mismunandi kröfur varðandi hinn alþjóðlega þátt brots, hafi ekki áhrif á getu eða vilja landa til að veita hverju öðru gagnkvæma dómsmálaaðstoð.
34. Alþjóðlega samvinnu ber að styðja með kerfi tvíhliða og fjölhliða samninga og tilhögun sem bygist á réttaratriðum sem lönd eiga almennt sameiginleg, með það að markmiði að sjá fyrir raunhæfum ráðstöfunum er hafa áhrif á gagnkvæma samvinnu af sem flestu tagi.

Helstu áhersluatriði gagnkvæmrar aðstoðar varðandi álitæfni tengd peningaþvætti.

36. Hvetja ber til samvinnu um rannsóknir milli viðeigandi yfirvalda hinna ýmsu landa. Ein gild og gagnleg rannsóknaraðferð að þessu leyti er afhending undir eftirliti er tengist eignum sem vitað er eða grunur leikur á að séu ávinningur af afbrotum. Lönd eru hvött til stuðnings við þá aðferð hvarvetna þar sem unnt er.
37. Meðferðarreglur þurfa að vera fyrir hendi til gagnkvæmrar dómsmálaaðstoðar í sakamálum að því er varðar þvingunarráðstafanir, þar með talið framlagningu gagna af hálfu fjármálastofnana og annarra, leit á mönnum og í húsnæði, hald og öflun sönnunargagna til afnota í peningaþvættisrannsóknum, og til saksóknar og tengdra aðgerða á erlendri grund.
38. Heimildir þurfa að vera yrir hendi til skjótra viðbragða við beiðnum erlendis frá til að sérgreina, kyrrsetja, leggja hald á og gera upptækan ávinning af afbrotum eða önnur verðmæti sem samsvara honum, sem byggist á peningaþvætti eða afbrotastarfsemi sem

liggur því að baki. Einnig þarf að vera fyrir hendi tilhögun til að samræma málaferli til halds og eignaupptöku, þar sem skipting á uppteknum eignum kann að koma til.

40. Löndum ber að hafa til reiðu meðferðartilhögun til að framselja þar sem unnt er einstaklinga sem ákærðir eru fyrir peningabættisbrot eða brot tengd þeim. Hverju landi ber innan eigin réttarkerfis að viðurkenna peningabætti sem framsalsbrot. Löndin geta í samræmi við eigin réttarreglur tekið til athugunar að einfalda framsal með því að heimila milliliðalaus sendingu framsalsbeiðna milli viðeigandi ráðuneyta, framsal á einstaklingum á grundvelli handtökuúrskurða og dóma eingöngu, framsal á eigin ríkisborgrurum, og/eða að koma á einfaldari framsalsmeðferð varðandi einstaklinga sem samþykkja framsal og afsala sér rétti til formlegrar málsmeðferðar.

Viðauki við tilmæli nr. 2: Skrá um fjármálastarfsemi atvinnufyrirtækja og starfsgreina sem ekki teljast til fjármálastofnana:

1. Móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi¹.
3. Eignarleiga.
4. Greiðslumiðlun.
5. Greiðsluþjónusta og greiðslustjórnun (t.d. kreditkort og debetkort, tékkaþjónusta, ferðatékkar og bankatryggð skuldaskjöl ...)
6. Ábyrgðir og lánatryggingar.
7. Viðskipti fyrir annarra hönd (afhendingarviðskipti, framvirk viðskipti, skuldaskipti, skiptiréttarviðskipti ...), með:
 - (a) peningamarkaðsskjöl (tékkar, víxla, skuldabréf, o.þ.h),
 - (b) gjaldeyri
 - (c) skiptiskjöl, vaxtabréf og vísitölubréf,
 - (d) viðskiptabréf,
 - (e) framvirk vöruviðskipti.
8. Þátttaka í verðbréfaútgáfu og veiting fjármálaþjónustu henni tengd.
9. Meðferð fjárfestinga fyrir einstaklinga og óafmarkaða hópa.

¹ Þar á meðal eru:

- neytendalán
- veðlán
- kröfukaup, með eða án ábyrgðar
- viðskiptalán (þar á meðal "forfailing").

10. Varðveisla og meðferð reiðufjár eða auðinnleysanlegra verðbréfa fyrir hönd viðskiptamanna.
11. Líftryggingar og önnur fjárfestingatengd tryggingastarfsemi.
12. Gjaldeyrisviðskipti.

TÚLKUNARATHUGASEMDIR

Tilmæli nr. 4

Löndum ber að taka til athugunar að gera peningaþvætti refsivert á grundvelli allra alvarlegra afbrota og/eða á grundvelli allra afbrota sem leitt geta til verulegs ávinnings.

Tilmæli nr. 8.

Tilmæli FATF ber að framkvæma sérstaklega gagnvart líftryggingum og öðrum fjárfestingum sem tryggingarfélög annast, en hins vegar gilda tilmæli nr. 29 um alla tryggingastarfsemi.

Tilmæli nr. 8 og 9 (skiptistöðvar)

Inngangur

Skiptistöðvar eru mikilvægur hlekkur í peningaþvættisferli, þar sem erfitt er að komast að raun um uppruna fjár þegar því hefur verið skipt. Flokkunarathuganir FATF benda til vaxandi nýtingar skiptistöðva í slíkri starfsemi. Það er því mikilvægt að gagnráðstafanir séu gerðar á þessu sviði. Í þessari túlkunarathugasemd er framkvæmd tilmæla FATF skýrð að því leyti sem að fjármálageiranum snýr og að því er skiptistöðvar varðar, og þar sem við á eru framkvæmdarvalkostir tilgreindir.

Skilgreining skiptistöðva

Í þessari túlkunarathugasemd er með skiptistöð átt við stofnun sem skiptir gjaldeyri fyrir endanlegan notanda þeirrar þjónustu (fyrir reiðufé eða tékka, eða með kreditkorti). Í tilmælum nr. 9 hefur þegar verið fjallað um gjaldeyrisviðskipti sem einungis fara fram aukreitis við aðalstarfssvið atvinnufyrirtækis. Þessi athugasemd tekur því ekki til slíkrar starfsemi.

Nauðsynlegar gagnráðstafanir varðandi skiptistöðvar

Sem gagnráðstöfun gegn því að skiptistöðvar séu nýttar til peningaþvættis ber viðeigandi yfirvöldum að gera ráðstafanir til að afla sér vitneskju um tilvist hvers þess einstaklings eða lögaðila sem annast gjaldeyrisviðskipti í atvinnuskyni.

Aðildarlöndum FATF ber að minnsta kosti að halda uppi kerfi sem veitir viðeigandi yfirvöldum (eftirlitsaðilum eða löggæslustofnunum) vitneskju um tilvist skiptistöðvar, eða tryggir að þeim sé tilkynnt um þær. Ein aðferð til að ná þessu fram er að skylda skiptistöðvar til að afhenda tilgreindu yfirvaldi einfalda yfirlýsingu með fullnægjandi upplýsingum um stöðina sjálfa og stjórnendur hennar. Yfirvaldið gæti síðan veitt kvittun fyrir henni eða þegjandi samþykki, og svo yrði litið á að skortur á mótmælum fæli í sér samþykki.

Aðildarlönd FATF geta einnig tekið til athugunar formlega leyfistilhögun. Þeir sem vilja stofna skiptistöð myndu þá verða að leggja umsókn fyrir tilgreint yfirvald sem heimild hefði til að veita leyfi í hverju einstöku tilviki. Í umsókn yrðu að koma fram þær upplýsingar sem yfirvöld krefðust, en þar yrði að minnsta kosti að tilgreina einstök atriði varðandi umsækjanda og stjórnendur hans. Leyfi yrði síðan veitt ef skiptistöðin fullnægir tilgreindum skilyrðum varðandi stjórnendur hennar og hluthafa, þar á meðal hæfi- og hæfnikröfum.

Annar valkostur sem athuga mætti er sá að blanda saman yfirlýsingartilhögun og leyfisveitingu. Skiptistöðvar yrðu að tilkynna tilgreindu yfirvaldi um tilvist sína, en yrðu ekki að fá leyfi áður en þær gætu hafið starfsemi. Yfirvaldið gæti þá athugað hæfi og hæfni stjórnendanna eftir að stöðin hefði tekið til starfa, og bannað stöðinni að halda áfram starfsemi sinni ef það á við.

Þar sem þess er krafist af skiptistöðvum að þær leggi fram yfirlýsingu um starfsemi eða skráningarumsókn mætti veita hinu tilgreinda yfirvaldi (sem gæti verið annað hvort opinber stofnun eða fagleg eftirlitsstofnun einkaaðila) heimild til opinberrar útgáfu á lista yfir skráðar skiptistöðvar. Að minnsta kosti ber því að halda við slíkum (tölvuunnum) lista. Einnig ber að veita heilmildir til aðgerða gagnvart skiptistöðvum sem reka starfsemi án þess að hafa lagt fram starfsyfirlýsingu eða hafa ekki verið skráðar.

Eins og gert er ráð fyrir í tilmælum FATF nr. 8 og 9 ber að gera skiptistöðvar háðar sömu reglum gegn peningabætti og gilda um aðrar fjármálastofnanir. Tilmæli FATF um fjármál ber því einnig að framkvæma gagnvart þeim. Í því sambandi eru einkum mikilvæg þau tilmæli sem fjalla um að menn sanni á sér deili og að tilkynnt sé um grunsamleg viðskipti, og um árvekni og gagnafærslu.

Til að tryggja að kröfur um ráðstafanir gegn peningabætti séu framkvæmdar af hálfu skiptistöðva ber að koma á og halda við tilhögun til að fylgjast með hvort eftir þeim sé farið. Þar sem yfirvaldi er falið að skrá skiptistöðvar eða stofnun tekur við starfsyfirlýsingum þeirra, getur sá aðili sinnt þessu verkefni. En einnig geta önnur tilgreind yfirvöld haft þetta eftirlitshlutverk með höndum (annað hvort beint eða fyrir milligöngu þriðju aðila, svo sem endurskoðunarskrifstofa). Gera yrði þá viðeigandi ráðstafanir gagnvart skiptistöðvum sem ekki fylgdu kröfum um ráðstafanir gegn peningabætti.

Sem atvinnugrein hefur starfsemi skiptistöðva tilhneigingu til að vera óskipulögð og án landsstofnana sem tekið geta að sér að vera boðskiptaleið milli þeirra og yfirvalda, eins og gildir um banka. Það er því mikilvægt að aðildarlönd FATF tryggi að skiptistöðvum sé kunnugt um þær kröfur um varnir gegn peningabætti sem til þeirra eru gerðar, og að þær framsendi upplýsingar, svo sem leiðbeiningarreglur um grunsamleg viðskipti, til meðlima starfsstéttarinnar. Að þessu leyti væri gagnlegt að hvetja til uppbyggingar fagfélaga.

Tilmæli nr. 11 og 15 – 18

Hvarvetna þar sem nauðsynlegt er að vita sönn deili á viðskiptamanni og tryggja að einstaklingar notfæri sér ekki lögpersónur til að starfrækja reikninga sem í raun eru nafnlausir ber fjármálastofnunum, ef þessar upplýsingar er ekki að finna með öðrum hætti í opinberum skráum eða á annan áreiðanlegan hátt, að æskja upplýsinga – og halda við upplýsingum - frá viðskiptamönnum um helstu eigendur og þá sem njóta góðs af viðskiptunum. Hafi viðskiptamaðurinn ekki slíkar upplýsingar ber fjármálastofnun að æskja upplýsinga frá honum um hver það er, sem raunverulega fer með yfirráð.

Ef fullnægjandi upplýsingar eru ekki fáanlegar ber fjármálastofnunum að veita viðskiptasamböndum viðskiptamannsins og viðskiptum við hann sérstaka athygli.

Hafi fjármálastofnun, með tilliti til upplýsinga sem viðskiptamaður hefur látið í té og upplýsinga annars staðar frá, ástæðu til að ætla að reikningur viðskiptamannsins sé notaður til peningaþvættis, verður hún að fylgja viðeigandi löggjöf, reglugerðum, tilskipunum eða samningum um tilkynningu grunsamlegra viðskipta og niðurfellingu viðskipta við slíka aðila.

Tilmæli nr. 11

Banka eða annarri fjármálastofnun ber að vita við hvern hún skiptir, jafnvel þótt lögmaður komi fram fyrir hönd viðskiptamanns, til að koma auga á og hindra grunsamleg viðskipti, svo og að gera henni kleift að sinna sem fyrst beiðnum þar til bærra yfirvalda um upplýsingar eða kyrrsetningu. Í samræmi við þetta gildia tilmæli nr. 11 einnig þegar lögmaður er milliliður við öflun fjármálaþjónustu.

Tilmæli nr. 14

(a) Hvað túlkun á þessum tilmælum varðar er ekki einungis krafist sérstakrar athygli varðandi viðskipti milli fjármálastofnunar og viðskiptamanna þeirra, heldur einnig varðandi viðskipti og/eða sendingar, sérstaklega á gjaldeyri og jafngildum skjölum milli fjármálastofnana innbyrðis, eða jafnvel viðskipta innan fjármálahópa. Þar sem orðalag tilmæla nr. 14 gefur til kynna að þau gildi um “öll” viðskipti ber að skilja það þannig að það taki til slíkra viðskipta milli banka innbyrðis.

(b) Orðið “viðskipti” ber að skilja þannig að það eigi við um trygginguna sjálfa, iðgjaldagreiðslur og bætur.

Tilmæli nr. 22

(a) Til að auðvelda að tekið sé eftir viðskiptum með reiðufé og fylgst með þeim, án þess að hindra á nokkurn hátt frjálst flæði fjármagns, ber aðildarríkjum að taka til athugunar hvort ækilegt sé að gera allan tilflutning yfir landamæri sem fer yfir ákveðin mörk háðan kröfum um að hann sé sannreyndur, að fylgst með honum af stjórnvöldum, að yfirlýsingar séu veittar um hann og að hann sé skrásettur.

(b) Ef land kemst að raun um óvenjulegan flutning milli landa á gjaldeyri, verðbréfum, eðalmálmum, gimsteinum o. s. frv., ber því að taka til athugunar að tilkynna hann, eftir því sem við á, tollayfirvöldum eða öðrum viðeigandi yfirvöldum þess lands sem sendingin kom

frá og lands ákvörðunarstaðarins, og veita atbeina sinn í því skyni að komast að raun um upptök, ákvörðunarstað og tilgang sendingarinnar og til að gripið sé til viðeigandi aðgerða.

Tilmæli nr. 26

Hvað þessa kröfu snertir ber að hafa í huga að til að komast beint á snoðir um peningþvætti væri gagnlegt að viðkomandi yfirvöld hafi viðeigandi tölfræðilegar upplýsingar til reiðu fyrir rannsóknaryfirvöld, einkum ef í þeim upplýsingum er að finna sérstakar vísbendingar um peningþvætti. Ef tölfræðilegar upplýsingar viðkomandi yfirvalda sýna til dæmis að ójafnvægi ríki milli þróunar fjármálaþjónustu á ákveðnu svæði í tilteknu landi og þróunar efnahagsmála á því svæði, kann það ójafnvægi að benda til þess að peningþvætti fari þar fram. Annað dæmi gæti verið fólgið í greinilegum breytingum á fjárstreymi innanlands án sýnilegrar efnahagslegrar ástæðu. Þó er rétt að sýna varfærni í greiningu slíkra tölfræðilegra gagna, og einkum er ekki nauðsynlega fyrir að fara beinni samsvörun milli fjárstreymis og efnahagslegrar starfsemi (til dæmis fjárstreymis í alþjóðlegri fjármálamiðstöð þar sem mikill hluti þeirrar þjónustu sem veitt er á sviði fjárfestingarstjórnunar fer fram í þágu erlendra viðskiptamanna, eða fjárstreymis á stórum millibankamarkaði sem ekki tengist efnahagslegri starfsemi á staðnum).

Tilmæli nr. 29

Ekki ber að skilja tilmæli nr. 29 þannig að þess sé krafist að sett sé á kerfi til reglulegrar endurskoðunar á leyfisveitingum fyrir ráðandi eignaraðild að fjármálastofnunum einungis í því skyni að vinna gegn peningþvætti, heldur er verið að leggja áherslu á að frá sjónarmiði FATF er æskilegt að athuga hæfi og hæfni ráðandi eignaraðila að fjármálastofnunum (einkum að bönkum og þeim sem ekki teljast til banka). Þar af leiðir að þar sem hæfi- og hæfnikröfur eru gerðar til hluthafa ber að vekja athygli eftirlitsaðila á þýðingu þeirra fyrir baráttu gegn peningþvætti.

Tilmæli nr. 33

Löndum ber, með fyrirvara um meginreglur landslaga, að leitast við að tryggja að mismunandi skilgreiningar þeirra á peningþvættisbrotum – til dæmis mismunandi viðmiðanir varðandi alþjóðlegan þátt slíkra brota, mismunur hvað snertir frumbrot, mismunur hvað snertir ákæru um peningþvætti gegn þeim sem framið hefur brotið sem liggur þvættinu að baki – hafi ekki áhrif á getu eða vilja landa til að veita hvort öðru gagnkvæma dómsmálaaðstoð.

Tilmæli nr. 36

Afhending undir eftirliti á fé sem vitað er eða grunur leikur á um að sé ávinningur af afbroti er gild og gagnleg löggæsluaðferð til öflunar upplýsinga og sönnunargagna, sérstaklega í alþjóðlegri peningþvættisstarfsemi. Í sumum löndum kann einnig að falla undir afhendingu undir eftirliti að fylgst sé með fjármagni. Þessi aðferð getur verið til mikils gagns við einstakar sakamálarannsóknir og getur einnig komið að gagni við að afla almennari vitneskju um peningþvættisstarfsemi. Hvetja ber eindregið til þess að slíkum aðferðum sé beitt. Því ber að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að í rettarkerfinu sé ekki fyrir að fara hindrunum gegn því að nota megi þessar aðferðir með fyrirvara um að lagaskilyrði séu uppfyllt, þar á meðal heimild dómara fyrir að þeim megi beita. FATF fagnar því að

Tollasamvinnuráðið og Interpol hafa ákveðið að hvetja aðildarlönd sín til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að beitingu þessara aðferða, og styður þá viðleitni.

Tilmæli nr. 38

- (a) Hverju landi ber að taka til athugunar að stofna hjá sér, þar sem unnt er, eignaupptökusjóð, sem upptækar eignir renna til eða hluti þeirra, og sem nota skal í þágu löggæslu, heilsugæslu, menntunar eða annarra viðeigandi þarfa.
- (b) Hverju landi ber að taka til athugunar, þar sem unnt er, nauðsynlegar ráðstafanir til að gera því kleift að skipta milli sín og annarra landa upptækum eignum, einkum þegar upptaka á beint eða óbeint rætur að rekja til samræmdra löggæsluaðgerða.

Frestun á handtöku og haldlagningu

Löndum ber að taka til athugunar ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, til að gera viðeigandi yfirvöldum þeirra sem annast rannsókn peningabættismála kleift að fresta eða framkvæma ekki handtöku grunaðra manna og/eða haldlagningu fjár, í því skyni að finna hvaða einstaklingar tengjast slíkri starfsemi eða til öflunar sönnunargagna. Án slíkra ráðstafana er ekki unnt að beita aðferðum á borð við afhendingu undir eftirliti eða leynilegum aðgerðum.